



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vor 2014

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*

*„Ekkert á jörðinni er eins yndislegt
og sönn ást milli pils og stúlku
í góðu veðri um nótt á vori,
þegar hestarnir eru sofnaðir í túnunum.“*

(Úr Sölkju Völkju eftir Halldór Laxnes)

Sumarkveðjur frá samskipta- og útgáfunefnd

Kæru DKG systur!

Hér birtist ykkur vorfréttabréf samskipta- og útgáfunefndar. Nefndin þakkar góðar viðtökur við haustfréttabréfinu og vonar að það fréttabréf sem hér birtist falli ykkur vel í geð.

Samskipta- og útgáfunefnd er staðsett í Eyjafirði og í henni sitja fulltrúar úr Betadeild og Mýdeild. Við tókum þá ákvörðun, er nefndin tók til starfa, að kynna norðlenskar konur á starfstíma okkar. Í Haustfréttabréfinu birtum við viðtal við Rósu Eggertsdóttur en kynningarviðtal þessa fréttabréfs er við Erlu Björgu Guðmundsdóttur, Mýsystur og framkvæmdastjóra SÍMEY á Akureyri. Erla Björg hefur frá mörgu skemmtilegu og áhugaverðu að segja og deilir því með okkur.

Vorþing lotasystra á Ísafirði tókst vel og birtum við hér samantekt um skemmtilega og fræðandi samveru sem vert er að þakka og minnst. Þinginu lauk með vel heppnaðri samveru í Tjöruhúsinu þar sem boðið var upp á kræsingar og skemmtiatriði að hætti heimamanna og ljóðalestur úr bókinni *Sagði mamma* eftir Hal Sirowitz, í þýðingu Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar. Þessi ljóðalestur vakti kátínu og því látum við fylgja hér nokkur ljóð úr þessari ágætu bók.

Einnig birtum við nokkur ljóð eftir Margréti Jónsdóttur kennara og ljóðskáld (1893 – 1971). Vegna veikinda lét hún af störfum sem kennari árið 1944 og eftir það varði hún mestum tíma sínum í ritstörf. Þekktust ljóða Margrétar eru sennilega ljóðin *Ísland er land þitt* og *Draumur aldamótabarnsins*, en Magnús Þór Sigmundsson samdi lög við þau sem hafa notið mikilla vinsælda. Mörg ljóða Margrétar fjalla um birtu, gróður og þá gleði sem fylgir vori og sumri.

Það er ánægjulegt og gleðilegt að birta pistla frá formönnum deilda sem nú ljúka tveggja ára starfstímabili. Af þeim má sjá að mikil gróska er í starfinu og fjölbreytnin mikil þar sem stjórnirnar setja mark sitt á starfið og taka mið af því umhverfi sem þær starfa í.

Um leið og samskipta- og útgáfunefnd vill hvetja félagskonur til þess að koma ábendingum um áhugavert efni til ritnefndarinnar þá þökkum við samstarfið í vetur og vonum að félagskonur og fjölskyldur þeirra eigi gott og gleðilegt sumar í vændum.

VORLJÓÐ

Ó, skín þú sól á byggð og ból,
og breið þitt skart á dal og hól.
Kom vor með ljúflingslag,
með léttan sólskjinsbrag.
Leys klakans bönd með hlýrri hönd
og klæð þú jörð við fjall og fjörð
í fót sín græn og ný.

Svíf þróstur kær, svíf þú hátt,
svíf hátt í heiðloftið blátt,
syng þú um sólskín og þor
og syngjandi, yngjandi vor.

Vorfuglar vakka, klíða og kyvaka,
kominn er júní með albjarta nátt.
Söngljóðin óma, sólgjaislar ljóma,
sigur er unninn á vetrinum brátt.

En sólskín kemur, sólskín fer
því ár og síð ört flýgur tíð.
Vorbirthan þver, kemur og fer,
sumar sitt blómaskrúð ber.
Við skulum kflingja, vonglaðir syngja
vorinu fagnaðarbrag.

(Margrét Jónsdóttir)

Að lokum færum við vefstjóra DKG, Eygló Björnsdóttur, þakkir fyrir góð ráð, aðstoð og ábendingar.

Dagbjört Ásgeirsdóttir (Mý),
Dagný Birnisdóttir (Mý),
Fríða Pétursdóttir (Beta) og
Sigríður Magnúsdóttir (Beta)



Kveðja frá landssambandsforseta Guðbjörgu M. Sveinsdóttur

Kæru DKG systur!

Efst í huga mínum eftir veturinn er gleði og stolt. Ég er svo ánægð og stolt af því að vera hluti af ykkar hópi, hluti af DKG á Íslandi. Sem forseti landssambandsins hef ég í vetur fundið fyrir þeirri gleði, væntumþykju og þeim metnaði sem er ríkjandi í starfi deildanna.

Það er mikið gleðiefni að konum er að fjölga í félaginu og þegar þessi orð eru skrifuð er inntökufundum ekki lokið þannig að enn er von á nýjum félögum. Útgáfunefndin hefur staðið sig vel og ég óska þeim til hamingju með glæsilegt fréttabréf. Félaganefndin hefur verið að endurskoða félagatalið og handbókina. Félagatalið er uppfært nánast jafnóðum og breytingar berast og ég minni alla formenn á að fara reglulega yfir félagatal sinnar deildar og senda inn athugasemdir. Laganefndin kemur til með að endurskoða íslensku lögin eftir alþjóðáþingið í sumar þegar breytingar liggja fyrir á alþjóðalögnum.

Mig langar að þakka öllum þeim sem komust á vorþingið okkar á Ísafirði. Ég hef ekki heyrt annað en konur hafi verið ánægðar með þessa helgi og allir hafi notið þess að hittast og eiga góðar stundir saman. Menntanefndinni og lotasystrum þakka ég góð störf og ánægjulegt samstarf. Á þinginu var fjallað um skólastarf á nýjum og spennandi tímum, tækninýjungar, breytta kennsluhætti, lýðræði o.fl. Marika Evrópuforseti flutti erindi þar sem hún sagði frá alþjóðastarfinu og hvatti okkur til dáða. Ekki má gleyma menningargöngunni, móttöku lotasystra í gamla sjúkrahúsinu og kvöldverðinum í Tjöruhúsinu svo eitthvað sé nefnt.

Um þesar mundir fara fram stjórnarskipti í deildunum og nýjar konur taka við. Ég býð nýjar stjórnarkonur velkomnar til starfa en þær taka formlega við 1. júlí n.k. Það er gefandi að taka þátt í að móta starf deildar og gaman þegar nýjar hugmyndir fæðast og komast í framkvæmd. Ég hvet nýjar stjórnarkonur að hafa í huga markmið landssambandsstjórnar Styrkjum tengsl til framtíðar og huga að því að fundirnir séu bæði fróðlegir og skemmtilegir.



Starfsáætlun stjórnar er á heimasíðunni. Það verður áhugavert að hitta nýja formenn á framkvæmdaráðsfundi í byrjun hausts og kynnast þeirra áherslum í starfinu. Ég þakka fráfarandi stjórnarkonum gott starf og óska þeim alls hins besta.

Fjórar konur eru að fara í sumar til Indianapolis á alþjóðáþingið. Mikil áhersla verður lögð á lagabreytingar á þinginu auk faglegrar og hvetjandi dagskrár. Næsta Evrópuþing verður síðan sumarið 2015 í Svíþjóð og vonandi fjölmönnum við þangað. Næsta vor verður landsambandsfundur á höfuðborgarsvæðinu í byrjun maí.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs sumars og vona að þið njótið sumarsins vel. Fátt er yndislegra en íslenska sumarið með birtu og yl, fuglasöng og gróanda. Ég hlakka til að hitta ykkur í haust þegar starfið okkar hefst að nýju af fullum krafti.


F.h. landsambandsstjórnar
Guðbjörg M. Sveinsdóttir,
forseti DKG á Íslandi

Hin vestfirska lota deild bauð til vorþings þann 10. maí 2014

„Skóli á nýjum tímum, lýðræði, sköpun, tækni“



Vorþing lands sambands DKG var að þessu sinni haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þingið var vel sótt en rúmlega 60 konur sóttu þingið. Erindin fjölluðu öll á einn eða annan hátt um skóla á nýjum tímum, lýðræði, sköpun og tækni og voru öllum skólastigum gerð skil. Auk erindanna voru tónlistaratriði sem báru fjölbreyttu menningarlífi Ísafirðinga gott vitni.



Við setningu þingsins spilaði píanóleikarinn Mikolaj Frach nokkur lög og er greinilegt að þar er hæfileikaríkur ungur piltur á ferðinni.

Fyrsta erindið bar heitið Upplýsingatækni og nýir miðlar í skólastarfi en þar fjallaði Dr. Svava Pétursdóttir um upplýsingatækni í skólastarfi frá ýmsum hliðum. Fróðlegt var að heyra hvernig samfélagsmiðlar geta nýst í skólastarfi og að kynnst því hvernig miðill eins og Facebook getur verið vettvangur þar sem kennarar styðja hvern annan í starfi. Á eftirfarandi slóð má nálgast glærur Svövu: www.slideshare.net/svavap/ut-sklastarfi.



Jóna Benediktsdóttir aðstoðarskólastjóri og Guðríður Sigurðardóttir kennari sem báðar starfa við Grunnskólann á Ísafirði sögðu frá nemendapingi sem haldið var við skólann. Áhugavert var að heyra hvernig staðið var að þinginu, því fylgt eftir og síðan unnið úr því. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróun þessa verkefnis í framtíðinni.

Albertína F. Elíasdóttir verkefnisstjóri FabLab á Ísafirði sagði frá möguleikum FabLab smiðjunnar til að skapa og hanna hluti frá upphafi til enda. Í erindinu sýndi hún einnig hluti sem hafa orðið til í smiðjunni. Ljóst er að FabLab eru engin takmörk sett.

Síðasta erindi dagsins hélt Elsa María Thompson skólastjóri heilsuleikskólans Laufáss á Þingeyri. Hún sagði frá skólastarfinu og fjölbreyttu samstarfi hans við grunnskólann á Þingeyri og aðra leikskóla í Ísafjarðarbæ.

Í lok ráðstefnunnar söng sópransöngkonan Sigrún Pálmadóttir frá Bolungarvík nokkur lög. Og til gamans má geta þess að Sigrún er dóttir lota konunnar Steinunnar Guðmundsdóttur aðstoðarskólastjóra Grunnskóla Bolungarvíkur.



**Skóli á nýjum
tímum
Lýðræði
Sköpun
Tækni**



Í lok dagsins var svo boðið uppá tvenns konar sögugöngur sem báðar enduðu í Safnahúsinu á Ísafirði, eða Gamla Sjúkrahúsinu þar sem lota konur voru með stutta móttöku. Síðasta atriðið á góðri dagskrá var svo hátíðarkvöldverður í Tjöruhúsinu þar sem „rúsínan í pylsuendanum“ var söngatriði þar sem ein af framreiðslustúlkunum, Salóme Katrín Magnúsdóttir, söng fyrir okkur. Því má bæta við að Salóme er nemandi í Menntaskólanum á Ísafirði og var fulltrúi hans í Söngvakeppni framhaldsskólanna í ár.

Við vorum þrjár úr samskipta- og útgáfunefnd sem sóttum vörþingið og erum allar sammála um að við komum reynslunni ríkari til baka, enda er afskaplega gefandi og skemmtilegt að sækja þing sem þetta. Við fræddumst heilmikið um skóla- og fræðslumál á norðanverðum Vestfjörðum, þekkjum nú betur til sögu svæðisins, fengum menningarlegan innblástur og næringu, upplifðum náttúruna á ferð okkar og síðast en ekki síst þá var ferð þessi einstakt tækifæri til að kynnst enn betur. Við viljum því eindregið hvetja konur til að sækja vor- og landsambandsþingin og fræðast og kynnst, njóta og upplifa.



Viðtalið Erla Björg Guðmundsóttir



Hvar liggja rætur þínar?

Ég er elst fjögurra systkina, fædd í Keflavík í jólafrí foreldra minna 1975. Mamma er Valgerður Sigfúsdóttir fædd og uppalin í Keflavík og pabbi er Guðmundur Karlsson fæddur og uppalinn á Akureyri þar sem við höfum búið alla tíð. Þau kynntust veturinn 1973 þegar þau voru við nám í Skagafirði, mamma í Húsmæðraskólanum á Löngumýri og pabbi í Bændaskólanum á Hólum.

Ég er gift Agli Snæ Þorsteinssyni viðskiptafræðingi og húsasmið og við eigum Laufeyju Önnu, Guðmund Stein og Loga Hrafn.

Hvað varð til þess að þú fórst að vinna hjá SÍMEY?

Árið 2001 tók ég sæti í stjórn SÍMEY fyrir hönd almennra fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu en á þeim tíma var ég starfsmaður KEA. Þá kynntist ég starfsminni og árið 2003 réði ég mig í 50% starf við verkefnastjórn hjá þáverandi framkvæmdastjóra Katrínu Dóru Þorsteinsdóttur.

Hver eru helstu verkefni hjá SÍMEY?

Verkefni SÍMEY eru ákaflega fjölbreytt. Fyrirferðamestu verkefni eru vissulega þau sem snúa að allrahandna námskeiðahaldi en þess utan vinnur starfsfólk miðstöðvarinnar fjöldann allan af þróunarverkefnum bæði innlendum og erlendum, sinnir náms- og starfsráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki, hefur umsjón með raunfærnimati og vinnur þarfagreiningar m.t.t. sí- og endurmenntunar í fyrirtækjum.

Markmið símenntunarstöðva og gildi þeirra fyrir samfélagið?

Markmið SÍMEY snúast fyrst og fremst um það að efla símenntun í Eyjafirði. Við vinnum að því að auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta þekkingu á öllum skólastigum. Fullorðið fólk með litla formlega menntun hefur verið sérstakur markhópur framhaldsfræðslunnar og með samstarfi við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins hefur talsverðum fjármunum verið veitt til þess að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Gildi starfsminnar fyrir samfélagið er ótvírætt en á ársgrundvelli taka um 15 þúsund fullorðnir einstaklingar þátt í símenntun af einhverjum toga í gegnum þessar 11 fræðslu og símenntunarstöðvar í kringum landið.





Hvað er framundan hjá þér?

Nú er sumarið framundan og venju samkvæmt hægir töluvert á starfseminni þá. Eitthvert námskeiðahald verður þó í gangi og má þar t.d. nefna námskeið fyrir börn eins og listasmiðjur, tölvuleikjaforritun og tækninámskeið. Í ágúst hefst svo haustdagskráin með hefðbundnu námskeiðaframboði fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Sjálf ætla ég með fjölskyldunni á landsmót hestamanna, með samnemendum mínum á Hvanneyri í hestaferð inn Austurdal í Skagafirði og svo ætlum við Laufey Anna með Fimleikafélaginu á Eurogym-mót, sem haldið verður í Helsingborg í Svíþjóð.

Vilt þú segja okkur frá ferð þinni um Asíu?

Asíuferð okkar fjölskyldunnar er efni í heilt viðtal og af mörgu að taka. Við hjónin tókum þá ákvörðun snemma árs 2011 að nýta sparifé, sem við höfðum ætlað til bílskúrsbyggingar, í ævintýraferð með börnin til Asíu. Eftir að ákvörðun hafði verið tekin, gekk allt afar hratt fyrir sig. Við fengum frí í vinnunni, börnin okkar fengu leyfi til að vera utan skóla, við leigðum út húsið okkar og fluttum inn til mömmu og pabba, þar sem við dvöldum í tvo mánuði áður en við fórum og í einn og hálfan mánuð eftir að við komum heim aftur.

Þann 4. október sama ár flugum við svo af stað til Bangkok í Taílandi þar sem við vorum búin að bóka gistingu eina nótt af þeim fjórum mánuðum sem ferðin spannaði. Við dvöldum lengst af í Taílandi, alls átta vikur en við dvöldum líka í Laos, á tveimur

stöðum í Víetnam og í Kuala Lumpur í Malasíu. Margt er minnisstætt en við syntum með fiskum, riðum á fílum, lærðum heilmikið um eiturslóngur, fengum í magann, Guðmundur Steinn fótbrotnaði og þurfti að vera sex vikur í gífsi. Það var tími þar sem við pabbi hans skiptumst meira og minna á að bera hann á milli staða. Við borðuðum góðan mat og kynntumst fólki alls staðar að úr heiminum en fyrst og síðast kynntumst við hvert öðru svo miklu betur en daglega lífið á Íslandi hafði fram að því boðið upp á.

Við vorum saman frá morgni til kvölds allan tímann og gistum alltaf öll í sama herberginu. Okkur hefur alltaf samið vel og ferðin reyndist ekki prófsteinn á það, eins og við höfðum alveg eins reiknað með. Eldri börnin höfðu með sér heilmikið námsefni úr Síðuskóla og Logi Hrafn var líka vel nestaður með lestrarkennsluefni frá Hólmasól. Þegar við komum heim í febrúar var Logi orðinn ljómandi vel læs og flugsyndur, bæði Laufey og Mundi höfðu löngu lokið við að vinna allt námsefni sem var með í för og þyrsti í félagsskap við önnur börn, skipulagt tólmstunda- og íþróttastarf, hafragraut með slátri og tilfinninguna sem fylgir því að anda að sér brakandi fersku lofti.

Við þökkum Erlu Björgu kærlega fyrir að veita okkur innsýn í hennar leik og starf. Það má með sanni segja að hún er góður fengur í hóp okkar DKG systra og hlökkum við til að fylgjast með störfum hennar í framtíðinni.



Pistlar frá deildum

SUMARDAGUR

Sumardagur sæll og lífyr,
sól um haga ljómar.
Í lofti fagur, léttur, nýr
lóubragur ómar.

Brosa fjöll í bláum kjól,
blíkar særinn fagur.
Gefðu öllum ást og sól,
ungi sumardagur.

(Margrét Jónsdóttir)

„...Alfadeildin er síung og fersk.
Starfið einkennist af fjölbreytni og
styrk.... Nýjar og öflugar konur hafa
gengið í deildina og er stjórnin
sérlega ánægð með að ná því
markmiði... “

Alfa

Alfa er fyrsta deild DKG samtakanna
á Íslandi, og var stofnuð þann 7.
nóvember 1975 í Reykjavík.

Vissir þú að...
í gangi er samkeppni um nýtt lag fyrir
DKG?
Nú þegar er komin ein tillaga að lagi
frá Englandi og önnur frá Noregi.

Væri ekki upplagt að tónelskar systur
okkar hér á Íslandi setji saman lag og
texta og sendi inn?

Meira um þetta er að finna á þessari
slóð: dkgeurope.org/page/new-dkg-song

Alfa

Árin tvö sem formaður Alfa deildar hafa liðið fljótt. Á fyrsta stjórnarfundum setti stjórnin sér markmið og leiðarljós.

Meginmarkmið stjórnarinnar voru ákveðin:

- að halda öflugum fundum,
- að efla tengslin innan deildarinnar og jafnframt við aðrar deildir/deild
- að fjölga konum í deildinni
- að samskipti okkar og samvera yrði innihaldsrík og gefandi

Stjórnin ákvað að þema tímabilsins yrði „lyklar að samfélagi.“ Sérstök áhersla yrði lögð á menntun, fjölbreytni og styrk, auk þess sem samskipti yrðu einnig eflað innan deildarinnar og við aðra innlenda deild. Þrátt fyrir þessa stefnumótun var líka ákveðið að hafa ákveðinn sveigjanleika í starfinu þannig að t.d. lestur rithöfunda eða gönguferð með arkitekt gæti fallið innan ramma deildarinnar.

Sá lykill að samfélagi sem mest hefur verið skoðaður í Alfadeildinni er menntun. Menntun fanga sem lykill að endurkomu þeirra í samfélagið var umfjöllunarefni eins fundar. Menntun og möguleikar kynjanna var annað umfjöllunarefnið og menntun fatlaðs fólks á skólastigunum fjórum var umfjöllunarefni síðasta deildarfundar núverandi stjórnar. Auk þessa hefur verið fjallað um leið núverandi biskups til embættis. Rithöfundar hafa komið og lesið úr bókum sínum, gamla Reykjavík var skoðuð og þannig var stuðlað að fjölbreytni fundanna.

Annar lykill að samfélagi sem hefur verið skoðaður er tengsl og samskipti. Deildin hefur eflt tengsl sín við aðra deild. Alfadeildin hefur heimsótt Suðurnesjadeildina og þær Suðurnesjakonur hafa einnig heimsótt Alfadeildina. Eindreginn vilji og ákvörðun liggur fyrir um að halda þessum samskiptum áfram. Jafnframt hafa konur verið hvattar til að bjóða gestum á fundum deildarinnar.

Alfadeildin er síung og fersk. Starfið einkennist af fjölbreytni og styrk. Til að viðhalda því góða starfi sem farið hefur fram innan deildarinnar, allt frá upphafi, var ljóst að fjölga þyrfti í deildinni. Nýjar og öflugar konur hafa gengið í deildina og er



FINGURMISSIR

Ekki setja höndina í vatnið
þegar pabbi þinn er að róa, sagði mamma.
Fiskur gæti haldið að einn fingurinn á þér sé ormur –
ég hef heyrt að þeir verði nærsýnir af vatninu
sem er sífellt í augunum á heim - É bitið hann af.
Þá verðurðu ekki fær um að telja upp að tíu
á fingrunum á þér É þú fellur
á öllum reikningsprófum. Og þú getur ekki
náð góðu gripni á hafnaboltakylfunni
É það sem hefði getað orðið sigurhögg
verður aðeins vindhögg. Og ekki halda
að einungis vegna þess að þú hefur einni nögl færri
að klippa, gerum við þér lífið auðveldara É förum með þig
einsog fatlaðan. Fingurnir sem þú heldur eftir
verða að læra að vinna meira.

(H. Sirowitz í þýðingu AÁS)

Stjórnin sérlega ánægð með að ná því markmiði. Það er ekki síður ánægjulegt að konur sem höfðu hætt í deildinni hafa tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið. Stjórnin hefur í hvívetna reynt að sýna ráðdeild í rekstrinum og kom það fram í vali á veitingum, húsnæði, fyrirlestrum og fleiru og fleiru.

Áhugaverðir og metnaðarfullir fundir, innihaldsrík og gleðjandi samskipti hafa gert okkur kleift að fræðast um „lykla að samfélaginu.“

Að loknu tveggja ára formannstímabili sitja eftir minningar um úrvals samvinnu stjórnarinnar og uppbyggilegar og ánægjulegar samverustundir með konum í Alfa deildinni.

María Sólveig Héðinsdóttir,
fráfarandi formaður.



Beta

„...Þessi tvö ár sem formaður deildarinnar hafa gefið mér meira en ég bjóst við ... Mér finnst ég tengdari öllum félagskonunum í deildinni ... ég hvet þær konur sem ekki hafa verið í stjórn til að vera óhræddar að segja já ef leitað er til þeirra varðandi setu í stjórn...“



Þann 19. september 2013 hófst seinna starfsár fráfarandi stjórnar Betadeildar með haustferð líkt og fyrri ár. Í haustfréttablaði DKG var sagt frá ferðinni og starfi Betadeildar haustið 2013.

Janúarfundur Betadeildar var haldinn 14. janúar. Undirbúningsnefnd sá um skipulagningu fundar. Samkvæmt venju var þetta bókafundur og sögðu konur frá einni bók sem þær höfðu lesið. 19 konur mættu á þennan fund.

Febrúarfundur var haldinn 10. febrúar í Hrafnagilsskóla og sá undirbúningsnefnd um skipulagningu fundar. Gestur fundarins var Erla Björg Guðmundsdóttir frá Símei og sagði hún frá starfsemi Símei sem vex ár frá ári. Erla fór vítt og breitt yfir starfsemina þar. 18 konur mættu á fundinn.

Marsfundur var haldinn 12. mars og sá undirbúningsnefnd um skipulagningu fundar. Þetta var óhefðbundinn leshringfundur sem haldinn var á Icelandair hótelinu. Bækurnar *Í trúnaði* eftir Héléne Gremillon og *Mánasteinn* eftir Sjón voru ræddar. 20 konur mættu á fundinn.

Aprílfundur var haldinn 7. apríl og sá undirbúningsnefnd um skipulagningu fundar. Fundurinn hófst í húsnæði HA þar sem venjuleg fundarstörf fóru fram. Í lok fundar var farið í Freyjulund þar sem listamennirnir Aðalheiður Eysteinsdóttir og Jón Laxdal búa. Aðalheiður var með kynningu á starfi og verkum þeirra hjóna og bæði í upphafi og í lok heimsóknar gafst tækifæri til að skoða verkin sem fylla sali Freyjulundar.

Vorþing Delta Kappa Gamma var haldið 10. maí á Ísafirði og fóru níu Betasystur og fjórar Mýsystur saman á þingið. Dagskráin var fróðleg en yfirskrift dagsins var Skóli á nýjum tímum, lýðræði, sköpun, tækni.

Maifundur sem var aðalfundur deildar var haldinn 16. maí og var það síðasti fundur þessarar stjórnar sem sá um skipulagningu. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var inntaka félagskonu. Það er Herdís Anna Friðfinnsdóttir leikskólakennari sem starfar sem barnabókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri.

Þetta starfsár kom Betadeild saman í átta skipti og stjórn hélt sex stjórnarfundum en áfram var því fyrirkomulagi haldið að stjórn undirbjó tvo fundi, bókafund og leshring með tölvusamskiptum en þessir fundir eru í umsjá undirbúningsnefnda.

Fríða Pétursdóttir og Sigríður Magnúsdóttir sitja fyrir hönd Betadeildar í samskipta og útgáfunefnd ásamt tveimur konum úr Mý deild. Eygló Björndóttir er vefstjóri fyrir landssamtökin, Betadeild og Evrópu deild DKG. Ingibjörg Auðuns er í



uppstillinganefnd og Þorgerður Sigurðardóttir er í stjórn Landsambandsins og er ritari þar til 2015. Því er óhætt að segja að Betadeild leggi sitt af mörkum til Landsambandsins.

Nefndir sem starfa innan Betadeildar eru útbreiðslunefnd en í henni sitja Fríða Pétursdóttir og Rósa K. Júlíusdóttir, einnig var Ingibjörg Auðuns í þeirri nefnd í upphafi starfstíma nefndarinnar. Í uppstillinganefnd eru Aníta Jónsdóttir, Minnie Eggertsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir. Í stjórn Elísabetarsjóðs sitja þær Anna Þóra Baldursdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir.

Einn stofnfélaga Betadeildar, Margrét Albertsdóttir lést í febrúar 2014. Haldin var stutt minningarstund á fundi þar sem farið var yfir ævi hennar og störf.

Helstu nýjungarnar þessi tvö ár voru þær að stjórn hélt áfram að virkja konur til starfa með skipan undirbúningsnefnda, en þá er lítil hópur sem hittist og skipuleggur og stýrir fundum. Stjórnarmeðlimir skiptust líka á að halda stjórnarfundum á heimilum sínum en áður sá formaður eingöngu um að halda þessa fundi. Tillaga stjórnar vegna stórafmæla félagskvenna var samþykkt en lagt var til að á tugaafmælum fengju konur gjafakörfu frá Unesco en það er sannarlega gjöf sem gefur og er í anda samtakanna.

Þessi tvö ár sem formaður deildarinnar hafa gefið mér meira en ég bjóst við. Vissulega er það mun meira starf en ég gerði mér grein fyrir í upphafi en kostirnir eru þó margir. Mér finnst ég tengdari öllum félagskonunum í deildinni þar sem ég hef haft öðruvísi samskipti við þær en ég hefði annars haft. Ég gat óhikað leitað til allra og fékk alltaf mjög jákvæð svör við því sem ég bað um. Ég var aðeins búin að vera fjögur ár í DKG þegar ég gerðist formaður og því var reynsla mín ekki svo mikil af deildarstarfi og ég hafði kynnst konum misvel. Þessi tvö ár hef ég fengið ýmis ráð, leiðbeiningar og leiðréttingar á því sem ég hef verið að gera. Sum þessara ráða voru mjög hjálpleg en þó er mikilvægt að nýir formenn deilda fái að gera mistök og reka sig á, einnig er mikilvægt að með nýju fólki fái nýir straumar að berast inn í samtökin. Finna þarf jafnvægi á milli þess að halda í hefðir og að leyfa nýjum hugmyndum að vaxa og þróast.

Mér finnst ég líka þekkja betur til samtakana sjálfra og hvernig þau virka í raun. Þetta er ómetanlegt og ég hvet þær konur sem ekki hafa verið í stjórn til að vera óhræddar að segja já ef leitað er til þeirra varðandi stjórnarsetu.

Þess má geta að Jónína Hauksdóttir leikskólastjóri og fráfarandi formaður Beta deildar, fékk styrk að upphæð \$ 1.054 frá *The Lucile Cornetet Award for Professional Development*.

Styrkinn hlaut hún til að sækja námskeiðið ACT (*Advanced candidate training*), fjögurra daga námskeið haldið í Morristown í New Jersey í Bandaríkjunum. Námskeiðið veitir henni aukinn rétt við innleiðingu Jákvæðs aga (*Positive discipline*).

Á eftirfarandi slóð má lesa nánar um *The Lucile Cornetet Award for Professional Development*: hdkgef.org/awards.html

Beta

Betadeild var stofnuð þann 2. júní 1977. Í henni eru konur frá Akureyri og nágrenni.

Ég vil nefna hve mikilvægt það er að fráfarandi formaður hafi setið í stjórn, það styrkti mig mikið að geta leitað til þess aðila og ég vona innilega að ég geti stutt nýjan formann jafn vel næstu tvö árin.

Fyrir hönd stjórnar Betadeildar
2012-2014,
Jónína Hauksdóttir fráfarandi
formaður.

„...Það er eitt mál sem kemur upp aftur og aftur hjá okkur og það er löngunin til að styrkja eitthvert verkefni, hóp eða einstaklinga hér á landi... Því dreymir okkur um að deildir sameinist um verkefni...“



Eta

Etadeild var stofnuð þann 6. júní 1997. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.

Eta

Við höldum okkur við það fyrirkomulag að hópar sjái um fjóra fundi af sex yfir árið. Þetta hefur gefist mjög vel, fleiri konur verða virkar og kynnast betur, auk þess sem léttir á stjórninni sem samt sem áður tekur ákvörðun um hvaða þema skuli vera efst á baugi yfir veturinn.

Á fyrsta fundi misserisins, sem var morgunverðarfundur, fengum við til okkar Ólöfu Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra og fjallaði hún um auðlindir í íslenskri ferðaþjónustu með áherslu á menntun, menningu og mannauð. Þetta var mjög gott erindi sem gaf okkur mikið til að hugsa og spjalla um.

Á marsfundinum leituðum við í eigin mannauð og þær Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir sögðu okkur frá niðurstöðum langtímarannsóknar um tengsl málþroska við upphaf grunnskóla og námsgengi síðar á ævinni.

Í apríl var aðalfundur og gestur okkar var Guðbjörg Sveinsdóttir landssambandsforseti. Það fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og ný stjórn var kosin, en í henni sitja: Bryndís Guðmundsdóttir formaður, Stefanía Valdís Stefánsdóttir varaformaður, Magnea Ingólfssdóttir ritari, Anna Sigríður Pétursdóttir gjaldkeri, Kristín Helga Guðmundsdóttir meðstjórnandi og vefstjóri. Þrjár nýjar konur voru teknar inn og tvær til viðbótar verða teknar inn næsta haust. Góður tími gafst til að ræða saman yfir ljúffengum veitingum.

Það er eitt mál sem kemur upp aftur og aftur hjá okkur og það er löngunin til að styrkja eitthvert verkefni, hóp eða einstaklinga hér á landi. Fjárhagur deildarinnar er þess ekki megnugur að standa að slíku einn og sér þannig að sómi sé að. Því dreymir okkur um að deildir sameinist um verkefni. Það myndi líka auka samskipti milli deilda sem mættu vera meiri. Það standa til boða styrkir til ýmiss konar verkefna tengdum menntamálum hjá alþjóðasamtökunum sem upplagt væri að sækja um.

Senn lýkur fjögurra ára formannssetu undirritaðrar. Þetta hefur verið skemmtilegur og gefandi tími með frábærum konum í stjórn og deild. Maður kynnist heildarsamtökunum betur og áttar sig á að það er ýmislegt í stjórn og skipulagi þeirra sem ekki fellur alveg að okkar menningu. En það er eðlilegt þegar haft er í huga að það er ekki svo ýkjalangt síðan Evrópuþjóðir gengu til liðs við DKG. En vonandi tekst Evrópusvæðinu að skapa sér sína sérstöðu og hafa meiri áhrif.

*Auður Torfadóttir,
fráfarandi formaður Etadeildar.*



Gamma

„...Tólf Gammakonur sóttu Vorþingið á Ísafirði 10. maí. Farið var með rútu vestur og gist hjá Gammakonunni Stellu í Heydal við gleði og gott atlæti...“



Gamma

Gammadeild var stofnuð þann 5. júní 1977. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.

Dagskrá Gamamdeildar hefur í vetur, eins og í fyrra, byggt á einkunnarorðum Landssambandsins, *Frá orðum til athafna*. Þemað 2012 - 2014 hefur verið útfærsla á grunnþáttum menntunar í nýjum aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011 sem eru þeir sömu fyrir öll skólástig. M.a. var leitað í smiðju Gammakvenna sem deildu með okkur rannsóknum og reynslu ásamt því að heimsækja skóla. Í Fréttabréfi haustins var fjallað um fundina fyrir hluta vetrar.

Fyrsti fundur ársins var á heimili Ingibjargar Jónasdóttur. Kristín Bjarnadóttir, Gammakona, fjallaði um *Stærðfræðilæsi – hugmyndir í námskrám fyrr og nú og PISA-rannsóknina*. Þær fjórar konur, sem eru að koma inn í deildina, voru á fundinum til að kynna sér starfið.

Í febrúar hittumst við hjá Ragnhildi Þórarinsdóttur. Í tengslum við grunnþátt menntunar *Heilbrigði og velferð* kynnti Elín Ólafsdóttir, Gammakona, rannsókn sína: *Tengsl efnaskipta- og umhverfisþátta fyrr á ævinni á áhættu á að fá sykursýki 2 síðar á ævinni*.

Í mars lögðum við land undir fót og heimsóttum Keili. Framkvæmdastjóri Keilis, Hjálmar Árnason, og samstarfsfólk hans tóku á móti okkur og sögðu frá starfsemi, hvernig Keilir vinnur með grunnþætti menntunar, sérstaklega læsi, og tengingu við háskólástigið. Guðbjörg, formaður Landssambandsins, var með okkur á fundinum og ávarpaði hópinn.

Tólf Gammakonur sóttu Vorþingið á Ísafirði 10. maí. Farið var með rútu vestur og gist hjá Gammakonunni Stellu í Heydal við gleði og gott atlæti. Mikil ánægja var með Vorþingið, bæði menntun, menningu og mat.

Síðasti Gammafundur fráfarandi stjórnar var 26. maí á heimili Gerðar Óskarsdóttur. Þar voru teknar inn fjórar konur: Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Hildur Jóhannesdóttir og Soffía Sveinsdóttir og ný stjórn kosin. Hana skipa: Kristín Bjarnadóttir, formaður, Björk Einisdóttir, Kristín Jónsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir.

Fráfarandi stjórn þakkar Gammakonum fyrir gefandi samstarf á tímabilinu. Þemað okkar var *Grunnþættir menntunar* en við höfum einnig haft að leiðarljósi að virkja sem flestar konur í deildinni m.a. með umfjöllun og að vera með Orð til umhugsunar.

Árný Elfasdóttir,
fráfarandi formaður Gammadeildar.

Iota

„... Sú hefð hefur skapast hjá okkur að hafa að minnsta kosti einn fund á vetri þar sem við ræðum saman um greinar úr Bulletin. Þá skiptum við greinum á milli okkar og höfum umfjöllun um efni þeirra. Þetta er virkilega fræðandi og skemmtilegt...“



Það hefur verið talsvert að gera hjá okkur í Iotadeild á þessu tímabili, bæði innan deildar og utan. Tvær konur luku meistaraverkefnum sínum á þessu tímabili, þær Jóna Benediksdóttir og Soffía Vagnsdóttir. En Soffía gaf líka út bókina *Trommur og töfrateppi* sem ætluð er til tónlistarkennslu. Og ekki nóg með það, tvær Iotakonur fengu einnig Fálkaorðuna á tímabilinu, það eru þær Sigríður Ragnarsdóttir og Soffía Vagnsdóttir svo sjá má að við erum ekki í vandræðum með mannauðinn í deildinni. Þrjár nýjar konur bættust svo í hópinn okkar á árinu, það eru þær Hlíf Guðmundsdóttir, kennari við Grunnskólann á Ísafirði, Dagný Arnarsdóttir, fagstjóri meistaránáms við Háskólasetur Vestfjarða og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði.

Sú hefð hefur skapast hjá okkur að hafa að minnsta kosti einn fund á vetri þar sem við ræðum saman um greinar úr Bulletin. Þá skiptum við greinum á milli okkar og höfum umfjöllun um efni þeirra. Þetta er virkilega fræðandi og skemmtilegt. Svo höfum við séð til þess að hægt sé að gera sér dagamun á alþjóðadegi kennara og staðið þá fyrir dagskrá fyrir Vestfirðinga.

Við í IOTA deildinni tókum annars að okkur tvö stór verkefni á þessu ári. Við fluttum ráðstefnuna „Á Flekamótum“ í heilu lagi vestur á Ísafjörð, hana sóttu um 60 manns og í litlu samfélagi eins og okkar er það talsvert. Við vorum sérstaklega ánægðar með að geta með eftir umræðu um mikilvægi samstarfs menntastofnana í heimabyggð og veitt utan að komandi fólki tækifæri til að heyra þessi lærdómsríku erindi. Hitt stóra verkefnið okkar var að halda vorþingið. Menntamálanefndin sá að sjálfsgöðu um dagskrána að vanda en við sáum um annað sem þurfti að gera. Það var okkur alveg sérstök ánægja að fá allar þessar frábæru konur hingað vestur bæði á þingið sjálft og ekki síður til að taka þátt í afmæliskvöldverði með okkur en deildin okkar er einmitt 10 ára í ár.

En eitt af því sem ritstjórnin óskaði eftir að kæmi fram í pistli formanns var umfjöllun um upplifun af formennskunni. Maður er kannski ekki svo mikið að velta því fyrir sér á meðan á formennsku stendur en þegar horft er til baka sér maður að þetta er mjög dýrmæt reynsla. Og hvað er þá svona dýrmætt við hana? Fyrir mér er það fyrst og fremst að fá að upplifa það að vera í samfélagi við allar þessar dugmiklu og áhugasömu konur sem mér finnst eins





og deili með mér hugsjóninni um að leggja sitt af mörkum til að breyta samfélaginu til góðs. Það er mikilvægt fyrir alla að hafa gott tengslanet og fyrir okkur, konurnar sem ætlum að breyta heiminum, er það beinlínis nauðsynlegt. Deildarformennska í DKG skapar sannarlega tækifæri til að efla eigið tengslanet og það eigum við ekki að vera feimnar við. Að vera virkur félagi í DKG finnst mér fela í sér að styrkja aðra um leið og maður eflir sjálfan sig.

*Bestu kveðjur að vestan og kærar þakkir fyrir samstarfið,
Jóna Benediktsdóttir,
fráfarandi formaður IOTA deildar.*



Iota

Í Iotadeild eru konur frá norðanverðum Vestfjörðum. Deildin var stofnuð árið 2004 og er því 10 ára í ár.

Vissir þú...

... að hægt er að sækja um námsstyrki til meistara- og doktorsnáms?

DKG veitir árlega allt að 30 styrki að upphæð \$6.000 til meistaranáms og \$10.000 til doktorsnáms.

Sjá nánar á eftirfarandi slóð:

www.dkg.org/category/committee/scholarship

BROTIN RÚÐA

*Sagt er að brotið gler sé tákni um gæfu,
sagði mamma, svo þegar þú varst í boltaleik &L
braust rúðuna reyndi ég að æsa mig ekki
&L hélt að þú værir kannski að reyna að gera mér
eitt hvað gott, en eftir að hafa eytt klukkutíma
á fjórum fótum við að tína upp brotin
&L geta svo ekki gengið um á sokkunum,
af því að mér hafði ef til vill yfirsétt eitt hvað af þeim,
ákvað ég að ég þarfnadist einskis frá þér,
svo ekki reyna að færa mér frekari gæfu,
leiktu þér bara með boltann framan við hús vina þinna.*

(H. Sirowitz í þýðingu AÁS)

Kappa

„... Bókafundirnir eru ávallt afar innihaldsríkir og við komum hver annarri stöðugt á óvart með breiðum bókmenntasmekk og marslunginni sýn á efniviðinn...

Það hefur sannarlega verið ánægjulegt og gefandi að fá að leiða Kappadeildina s.l. tvö ár.

Starfsemin blómstrar og einkennist af einlægri gleði, verðmætri vináttu og samkennd...“



Kappa

Kappadeild var stofnuð í mars 2007. Konur í Kappadeild eru flestar úr Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Kappadeild var stofnuð í mars 2007. Starfsárið 2013 til 2014 er því sjöunda starfsár deildarinnar. Á yfirstandandi starfsári höfum við haldið átta deildarfundum og jafn marga stjórnarfundum.

Hvert ár eru valin einkunnarorð deildarinnar og á yfirstandandi ári eru einkunnarorðin KONAN Í BRÚNNI og vísar það til þess að sjónum er einkum beint til kvenna sem hafa sérstaklega látið til sín taka í samfélaginu, eru leiðtogar og óragar við að ganga gegn straumnum og efla veg kvenna m.a. í greinum sem konur hafa ekki verið áberandi eða leitt og stjórnað hingað til. Einkunnarorðin eru dregin af rótgrónu heiti í sjómanna máli. Þegar talað er um KARLINN Í BRÚNNI er átt við skiptjórann sem stendur vaktina í brú skips og stjórnar fleyinu, öllum aðgerðum, tekur ákvarðanir sem geta skipt sköpum um aflabrögð og afkomu undirmanna sinna og þurfti e.t.v. að velja milli kosta sem gátu skilið á milli lífs og dauða. Þetta heiti yfir skipstjóra er sterkt og rótgróið í þjóðarvitund okkar og lýsir virðingu fyrir starfinu um leið og það er ákveðin kímni sem fylgir því.

Það var hugmynd stjórnar Kappasystra að leita til kvenna bæði innan deildar og utan til að deila reynslu sinni, ekki síst hvað varðar uppvöxt þeirra og þroskaleið frá því að vera barn og unglingur með drauma um framtíðina, fram til fullorðinsára. Þær segðu frá því hvernig skapgerð, uppeldi, hvatning foreldra, hugsjónir og menntun höfðu áhrif á þá braut sem þær síðan völdu.

Þær konur sem hafa og deilt reynslu og þekkingu sinni með hópnum eru um ýmislegt ólíkar og starfa í verslun, viðskiptum, tækni, iðnaði og fræslustörfum, en eiga það allar sameiginlegt að hafa eldmóð, skýr markmið og baráttuanda sem hefur gert þær að KONUM Í BRÚNNI sem hafa haft áhrif á samtíð sína og eru mikilvægar fyrirmyndir fyrir kynsystur sínar á brautryðjanda vegi.

Þær konur sem hafa stigið á stökk og flutt okkur erindi sem KONAN Í BRÚNNI eru:

- Svana Helen Jónsdóttir, fv. form. Samtaka Iðnaðarins
- Hulda Anna Arnljótsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslusetursins starfsmenntar
- Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður stjórnar Samtaka verslunar og þjónustu,
- Þórdís Gísladóttir, rithöfundur og þýðandi
- Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentor
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fv. menntamálaráðherra og
- Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.



Það hefur sannarlega verið okkur innblástur að kynnst KONUM Í BRÚNNI og verið okkur hvatning til framsækni, ásamt því að undirstrika hvað auður kvenna er mikilvægur á öllum sviðum þjóðlífsins

Á hverju ári höfum við einn bókafund þar sem Kappasystur segja frá ritverkum og höfundum sem hafa haft áhrif á þær og markað spor í líf þeirra. Bókafundirnir eru ávallt afar innihaldsríkir og við komum hver annarri stöðugt á óvart með breiðum bókmenntasmekk og marslunginni sýn á efniviðinn.

Það hefur sannarlega verið ánægjulegt og gefandi að fá að leiða Kappadeildina s.l. tvö ár. Starfsemin blómstrar og einkennist af einlægri gleði, verðmætri vináttu og samkennd.

Sigríður Johnsen,
Fráfarandi formaður Kappadeildar.

ÁNÆGÐUR EÐA AFUNDINN

Þegar þú ert ánægður, sagði mamma, er ég ánægð. En þegar þú ert afundinn, er ég afundin,
svo ef þú getur valið á milli þess að vera ánægður eða afundinn, skaltu hætta að hugsa alltaf um sjálfan þig & hugsa um mig til tilbreytingar & vera ánægður. En ef þú átt engra kosta vól & ég verð að vera afundin, þá skaltu ekki eyða öllum deginum í að vera niðurdreginn, heldur komast yfir það, svo þú & ég getum orðið ánægð að nýju.

(H. Sirowitz í þýðingu AÁS)



Lambda

„... Við erum ung deild og höfum nýtt tímann til þess að kynnst innbyrðis og mynda tengsl til framtíðar, sem ég hlakka til að eiga með ykkur. Mér finnst ég alltaf fara ríkari af fundum en ég var fyrir. Takk fyrir það...“

HVÍTT Á SVÖRTU

*Snjórinn sat lengur í hári hennar
en ástarjátning mín
stóð við í huga hennar.*

(H. Sirowitz í þýðingu AAS)

Lambda

Lambdadeild var stofnuð þann
28. október 2010 í Reykjavík.

Starfsárið 2013-2014 hélt Lambdadeild sjö fundi. Átta nýjar konur gengu í deildina á fundi 15. október og hafa þær styrkt deildina mikið. Í upphafi vetrar var rætt um þema deildarinnar og kom konum saman um að við værum enn að kynnst innbyrðis og að hugðarefni þeirra sem stjórnðu hverjum fundi fengi að ráða ferðinni með efni funda. Konum var aftur skipt í hópa til að sjá um fundina og hefur það gefist okkur mjög vel þessi tvö ár. Við höfum fengið að heyra frá hinum ýmsu verkefnum og störfum sem deildarkonur sinna og heimsótt vinnustaði þeirra, sem hefur verið sérstaklega gefandi. Auk þess höfum við fengið gesti til okkar á fundi.

Á fyrsta fundi vetrarins var kosið um tilnefningar nýrra kvenna í deildina og einnig var ákveðið að félagsgjaldið skyldi hækkað í 12 þúsund krónur. Þá spunnust þar miklar og góðar umræður um skólamál almennt. Annar fundurinn var inntökufundur, þar sem 8 konur gengu til liðs við Lambdadeild. Á fundinn kom Guðbjörg Sveinsdóttir Landsforseti DKG og sagði hún frá samtökunum og áherslum nýrrar stjórnar samtakanna hér á landi. Á jólafundinn kom Ingibjörg Einarsdóttir Gammakona í heimsókn og las jólasögu, stýrði jólasöng og skemmtilegum leik. Við fengum einnig að heyra um innleiðslu PMT og SMT í Hafnarfirði frá Elísu Lambdakonu. Í janúar var haldinn fundur í Gallery Múkka sem Aðalheiður myndlistarkona og Lambdakona rekur. Í heimsókn kom Bryndís Jóna Jónsdóttir verkefnastjóri í Flensborgarskóla og sagði hún okkur frá vinnu með núvitund þar, sem hefur gefið góða raun. Næsti fundur var svo haldinn í Setbergsskóla þar sem Sif Lambdasystir tók á móti okkur og sýndi okkur skólann. Sandra, einnig Lambdasystir sagði okkur frá doktorsverkefni sínu um langtímarannsóknir á þreki, þoli og líkamsþyngd 12 og 17 ára ungmenna. Mjög áhugavert efni og margar spurningar vöknudú í hópnum. Á næsta fundi sagði Birna Lambdasystir frá niðurstöðum á mati á gæðum kennslu í grunnskólum borgarinnar en hún hefur verið verkefnastjóri í því verkefni. Síðasti fundurinn er svo haldinn heima hjá Rannveigu varaformanni deildarinnar og verður hann aðalfundur og síðasti fundur núverandi stjórnar. Á fundinum verður lesin skýrsla formanns, farið yfir fjárreiður deildarinnar og svo mun lðunn segja okkur frá vorþingi DKG sem haldið var á Ísafirði.

Alma Dís Lambdasystir og tilvonandi stjórnarkona sótti um styrk til alþjóðasamtaka DKG og fékk hann. Þetta er námsstyrkur til að ljúka við doktorsverkefni. Frábært framtak



hjá henni og óska ég henni til hamingju með þetta.

Mig langar að þakka Lambdakonum fyrir ánægjulegt samstarf þessi tvö ár mín sem formaður. Við erum ung deild og höfum nýtt tímann til þess að kynna innbyrðis og mynda tengsl til framtíðar, sem ég hlakka til að eiga með ykkur. Mér finnst ég alltaf fara ríkari af fundum en ég var fyrir. Takk fyrir það.

Mig langar að óska nýrri stjórn velfarnaðar en hún verður skipuð þeim, Kolbrúnu Þorbjörgu Pálsdóttur, sem verður formaður. Með henni í stjórn verða, Alma Dís Kristinsdóttir, Guðrún Þóra Vilhjálmssdóttir og Linda Brá Hafsteinsdóttir.

*Gleðilegt sumar og sjáumst hressar og kátar í haust.
Ingibjörg Ásgeirsdóttir,
fráfarandi formaður.*

Gallery of Fine Arts

Ert þú listamaður?

Á heimasíðu heimssambands DKG er síða er kallast *DKG Gallery of Fine Arts*. Þar gefur að líta listaverk eftir DKG systur víðs vegar úr heiminum.

Listrænar DKG systur geta sótt um að verk þeirra séu tekin inn í gallerið.

www.dkg.org/content/dkg-gallery-fine-arts

LÆSEFNI

Foreldrar mínir færðu mér orðabók í afmælisgjöf. Mamma sagði að ef ég lærði fimm ný orð á hverjum degi, kynni ég í lok ársins meira en þúsund ný orð. Ég yrði fær um að tala ensku einsog um erlent tungumál væri að ræða. Ég yrði ekki í vandræðum með að gera mig skiljanlegan ef ég færi einhvern tíma til Evrópu. Ég reyndi að lesa hana frá upphafi til enda, en varð leiður í A-kaflanum. Ég notaði nokkur nýyrði við kvöldverðarborðið: Aborri, aðdáunarverður. En hún sagði að ég væri bara að monta mig og hámenntað fólk laumadi merkilegum orðum inn í samræður sínar án þess að nokkur áttaði sig á að það gerði það.

(H. Sirowitz í þýðingu AAS)

Vissir þú...

... að Evrópuráðstefna DKG árið 2015 verður haldin í Borås í Svíþjóð, dagana 5. - 8. ágúst.

Mý

„...Hin unga Mýdeild er smám saman að byggja upp hefðir í starfi... Deildin hefur gefið út rafrænt fréttabréf með reglulegu millibili þar sem fréttir af starfinu... kynning á einni konu og hefur það verið gott innlegg í að efla kynni og tengsl. Einnig er í fréttabréfinu samantekt um *Konfektíð* ...“



Mý

Mýdeild er yngsta deildin innan Delta Kappa Gamma á Íslandi. Hún var stofnuð þann 26. apríl 2011. Í Mý deild eru konur frá Akureyri og nágrenni.

Mýdeild Delta Kappa Gamma er nú að ljúka sínu þriðja starfsári og starfið í deildinni þróast og styrkist. Fundir hafa verið með fjölbreyttu sniði, þess hefur verið gætt að blanda saman fróðleik og skemmtun með það að markmiði að konur kynnist hver annari og eflast faglega. Fundarstaðir hafa einnig verið margir og ólíkir og fundað um bæ og sveit.

Stjórnarskipti eru nú framundan en sama stjórnin hefur verið við störf frá stofnum deildarinnar. Við stjórninni taka nú Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir, Bryndís Björnsdóttir, Dagbjört Ásgeirsdóttir og Ragnheiður Júlíusdóttir. Stjórnarkonur sem nú láta af störfum eru afar ánægðar með stjórnarsetuna og þakklátar fyrir að hafa kynnst hver annari svo vel gegnum starfið í deildinni.

Hin unga Mýdeild er smám saman að byggja upp hefðir í starfi. Sem dæmi má nefna að hefja vetrarstarfið á stuttri ferð og hafa umræðufund um bækur í janúar. Deildin hefur gefið út rafrænt fréttabréf með reglulegu millibili þar sem fréttir af starfinu í deild, landssambandi og alþjóðasambandi eru sagðar. Eins hefur í hverju blaði verið kynning á einni konu og hefur það verið gott innlegg í að efla kynni og tengsl. Einnig er í fréttabréfinu samantekt um *Konfektíð* en þar er um að ræða eins konar áskorun á okkur sjálfar um að finna og deila með okkur áhugaverðum fróðleik af ýmsum toga og um leið efla okkur í að nýta rafræn samskipti. Þau samskipti fara fram á facebooksíðu deildarinnar.

Þrátt fyrir að starfið í Mýdeild hafi gengið nokkuð vel þá höfum við séð á eftir allnokkrum konum úr deildinni. Fyrir því eru ýmsar ástæður, aðstæður kvenna hafa breyst, áhugi dofnað eða vegalengdir setja konum skorður. Við stofnun deildarinnar 26. apríl 2011 voru deildarkonur 28. Fljótlega fór að kvarmast úr hópnum og í upphafi starfsárs í haust voru deildarkonur 20. Í vetur hafa 4 konur hætt en 6 nýjar konur hafa komið í þeirra stað. Við sem fyrir erum gleðjumst yfir því og bjóðum Ásdísi Arnardóttur, Bryndísi Björnsdóttur, Björgu Eiríksdóttur, Maríu Aðalsteinsdóttur, Ólöfu Ingu Andrésdóttur og Sigríði Víkingsdóttur hjartanlega velkomnar í okkar hóp. Nú eru deildarkonur Mýdeildar 22 talsins og horfa björtum augum til framtíðar.

Deildarkonur í Mýdeild eru upp til hópa öflugar og kraftmiklar. Margar hverjar eru í framhaldsnámi og störf



deildarkvenna eru fjölbreytt og krefjandi. Nýverið var Ragnheiður Þórsdóttir kennslustjóri listnámsbrautar VMA og veflistakona valin bæjarlistamaður Akureyrar og skóladeild Akureyrar veitti á dögnum Maríu Aðalsteinsdóttur viðurkenningu fyrir metnaðarfulla og markvissa kennslu, fagmennsku og öflugt starf.

Það hefur verið lærdómsríkt að fá að taka þátt í mótun fyrstu skrefanna í Mýdeild með góðum samstarfskonum. Fyrir það er ég þakklát og vænti mikils af starfi deildarinnar í framtíðinni.

Með sumarkveðju,

*Fyrir hönd Mýdeildar,
Jenný Gunnbjörnsdóttir fráfarandi formaður.*



„...Félagskonur eru dreifðar um fjórðunginn og alltaf þurfa einhverjar yfir fjallvegi að fara til að komast á fund. Veturinn 2013-14 var óhagstæður og þurftum við að fella niður tvo fundi.“

SUMARÓSK

*Kom þú, góða, græna vor,
græddu vetrarsárin.
Gefðu veikum þrek og þor,
þerraðu harmatárin.*

*Bið ég þess að birti til
á brautum villugjörnum.
Færðu sumar, ást og yl
öllum raunabörnum.*

Margrét Jónsdóttir

Zeta

Zetadeild starfar á Austurlandi og koma félagskonur frá Fjóttsdalshéraði og neðan af fjórðum.

Zeta

Núverandi stjórn skipa Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir formaður, Sigríður Herdís Pálsdóttir varaformaður og Hildur Magnúsdóttir ritari. Gjaldkeri er Anna Margrét Birgisdóttir Breiðdalsvík. Hrefna Egilsdóttir er vefstjóri deildarinnar. Í Zetadeild eru 15 félagskonur.

Á stjórnarfundi haustið 2013 ákváðum við að skipta fundunum niður á félagskonur þannig að þær hefðu veg og vanda af hverjum fundi, þrjár og þrjár í senn. Þær sæju um skipulag og efni fundarins. Það hefur gefist vel.

Félagskonur eru dreifðar um fjórðunginn og alltaf þurfa einhverjar yfir fjallvegi að fara til að komast á fund. Veturinn 2013-14 var óhagstæður og þurftum við að fella niður tvo fundi.

Eins og áður voru efni fundanna af ýmsum toga. Við höfum oftast valið verkefni sem flokkast undir það markmið samtakanna „að fræða félagskonur um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnsmálum og menntamálum og stuðla að vaxandi skilningi og virkri þátttöku í samfélagi þjóðanna“. Þar eru ýmis verkefni s.s. styrkja okkur sjálfar og kynningar á ýmsu frumkvöðlastarfi í fjórðungnum.

Fyrsti fundur vetrarins 2013-2014 var haldinn á Þorgrímsstöðum í Breiðdal. Þar hafa hjónin Guðrún Sveinsdóttir og Jón B. Stefánsson byggt upp hótél á mjög smekkleган hátt. Þar er blandað saman gömlum og nýjum listaverkum og listmunum. Hótelið ber nafnið Silfurberg og er innst í Breiðdal. Jólafundurinn féll niður vegna mikils hvasuviðris á Austurlandi. Þriðji fundurinn var haldinn á Egilsstöðum. Björg Þorvaldsdóttir Zetasystir kynnti mastersritgerðina sína „Lesbjörg“ en hún útskrifaðist sem lestrarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri vorið 2013. Þar fjallar hún um aðferðir til þess að hjálpa nemendum með slakan nefnuhraða og aðferðir við að auka færni þeirra. Eins og áður deildu félagskonur með okkur hugrenningum sínum. Í orðum til umhugsunar sjáum við félagana í nýju ljósi. Þar er fjallað um hin ýmsu málefni s.s. um mikilvægi þess að hafa jákvæð gildi að leiðarljósi og magnaðar og hjartnæmar frásagnir úr eigin lífi. Fjórdi fundurinn átti einnig að vera á Egilsstöðum en vegna óviðráðanlegra orsaka varð að fella hann niður.

Lokafundurinn (tvöfaldur) var haldinn í sumarbústaðnum Lundi í Úlfsstaðaskógi hjá Halldóru Baldursdóttur Zetasystur. Þar fengum við góðan gest Sigrúnu Jóhannsdóttur sem var með stjórnunámskeið fyrir okkur.

Tveir nýjar félagskonur gengu í samtökin á tímabilinu : Harpa Höskuldsdóttir sérkennari í Egilsstaðaskóla Egilsstöðum og



Guðrún Ásgeirsdóttir kennari í Nesskóla Neskaupstað.

Fundurinn var jafnframt aðalfundur þar sem ný stjórn var kosin en hana skipa: Sigríður Herdís Pálsdóttir formaður, Ruth Magnúsdóttir og Kristín Hlíðkvist meðstjórnendur. Stjórnin skiptir með sér verkum og velur gjaldkera.

Fráfarandi stjórn frá vinsri: Hildur Magnúsdóttir Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir og Sigríður Herdís Pálsdóttir sem er einnig nýr formaður og Kristín Hlíðkvist en það vantar Ruth Magnúsdóttur á myndina.

*Kveðja frá Zetadeild,
Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir,
fráfarandi formaður.*



LÆSTRARKENNSLA

Til að verða betri lesari, sagði mamma, verðurðu að lesa allt sem þú sérð. Ef þú ert á gangi eftir götunni ættirðu að lesa á umferðarskiltin. Ef þú ert á veitingahúsi ættirðu að lesa morgunverðarmatseðilinn þótt þú sért þar aðeins til að borða kvöldverð. Heimurinn er ein stór bókk. Orð eru alls staðar. Þau eru í skónum þínum & á miðanum á nærbuxunum þínum. Og þegar þú eldist verðurðu fær um að lesa svipbrigðin á andlitum. En leyfðu mér að vara þig strax við því að ef stelpa óvart brosir við hér þá þýðir það ekki að þú eigir að lesa svo mikið út úr því.

(H. Sirowitz í þýðingu AAS)

Vissir þú...

... að á Evrópuvefnum getur þú lesið gömul og ný hefti af Euforia fréttablaðinu. Það er stúfult af fréttum af systurum okkar í Evrópu og starfi þeirra.

Eftirfarandi er slóðin á júní hefti Eufora:

dkgeurope.org/static/files/euforia/EuForia_45_spring2014.pdf

Peta

„...Hægt og sígandi hafa mætingarnar lagast og þegar best lét mættu 29 systur á bókafundinn í janúar síðastliðinn, sbr. árið á undan en þá mættu einungis 11 systur. En betur má ef duga skal og það er í höndum Þetasystra að halda utan um starfsemi deildarinnar og að tendra neistann og halda í honum lífi...“



Í öllum félagsskap skiptir máli að félagsmenn hafi áhuga og tök á því að mæta á fundi. Eftir fyrra starfsár þessarar stjórnar var ekki hægt að horfa fram hjá því að mætingar á fundi deildarinnar fóru dvínandi og var þar verk að vinna og áskorun að bæta úr. Stjórnin fór í mikla og stranga naflaskoðun á skipulagi og efnisvali fundanna. Litið var til annarra deilda sem stáðu sig af góðri fundarmætingu og hvernig við í stjórninni vildum sjá deildina þróast. Við komumst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að stækka Þetadeildina og leggja ætti áherslu á að bjóða yngri konum í hana, því ekki væri hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að meðalaldur systra færi ekki lækkandi með árunum. Við leituðum eftir samþykki systra vorra í deildinni og óskuðum eftir tilnefningum frá þeim. Alls bárust 26 tillögur og ákveðið var að bjóða tíu konum af þeim lista að kynna sér starfsemi samtakanna. Síðan bauð stjórnin konunum í nóvember s.l. á kynningarfund og málsverð, á heimili formannsins. Með því voru tvær flugur slegnar í einu höggi. Í fyrsta lagi var fundurinn liður í því að kynna Alþjóðasamtökin DKG fyrir þeim og starfið sem fer fram í Þetadeildinni, sem landsforseti og Þetakonan Guðbjörg Sveinsdóttir sá um. Í öðru lagi gafst stjórninni kostur á að kynnast þessum ágætu konunum enn betur. Gaman er að segja frá því að eftir þennan fund ákváðu níu konur að gerast félagar í samtökunum DKG og voru sex af þeim teknar inn á aðalfundi deildarinnar.

Stjórninni fannst á það reynandi að breyta út frá eldri venjum, eins og að láta fundartímana rúlla á milli vikudaga og ákveðið að hafa fundi síðasta mánudag fundarmánuðina. Fundartíminn breyttist líka, í stað þess að hafa fundina kl. 20:00 voru þeir færðir til kl. 18:30. Í framhaldi af þessum breytingum var boðið upp á léttu kvöldverði. En áður var það í hönd þeirra sem stýrðu fundunum eða stjórnarinnar að sjá um veitingarnar.

Eins og hefð er fyrir í Þetadeildinni, voru haldnir þrjú fundir á haustönninni og þrjú á vorönninni. Stjórnin sendi tvö rafræn fréttabréf til félagskvenna, eitt fyrir haustönnin og annað í byrjun vorannar, með upplýsingum um fundartíma og gestafyrirlesara, ásamt öðrum upplýsingum. Einnig komu þessar upplýsingar fram á vefsíðu deildarinnar sem Hulda Þorkeldsdóttir sá um að uppfæra reglulega en hún hefur séð um síðuna allt frá stofnun hennar. Við reyndum að fá til okkar skemmtilega og fræðandi gesti á deildarfundum og komu þeir úr ýmsum áttum. Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur var fyrsti gestur deildarinnar. Hún kynnti ný útkomið „app“ sem byggir á námsefninu „Lærum og leikum með hljóðin“ sem hún hefur verið að þróa í nokkur ár.

Á öðrum fundi vetrarins sagði framkvæmdarstjóri Kaffitárs, hún Aðalheiður Héðinsdóttir, okkur frá uppbyggingu fyrirtækisins og starfsemi þess.



Þriðji fundurinn var tileinkaður 15 ára afmæli Þetadeildarinnar og tilefnið bauð upp á að meira yrði í lagt, bæði í mat og efni. Guðbjörg Sveinsdóttir, landsforseti landssamtakanna DKG og ein af stofnendum Þetadeildarinnar fór yfir sögu hennar, en hún var stofnuð 26. nóvember, 1998. Tveir nemendur frá Brynballett akademíunni sýndu nútímadans og Bryndís Einarsdóttir stofnandi skólans, fræddi félagskonur um ballet, balletskó og baráttu sína fyrir því að fá menntamálaráðuneytið til að viðurkenna dansskólann sem menntastofnun. Danskólinn hennar er fjórði dansskólinn á landinu til að fá þá viðurkenningu.

Fjórði fundurinn var haldinn á heimili Elínar stjórnarkonu. Stjórnin breytti út frá fyrri venju að systur kynntu og spjölluð um uppáhalds bækurnar sínar og í staðinn var Jóni Kalman rithöfundur boðið að lesa upp úr bók sinni *Fiskarnir hafa enga fætur* sem gerist að hluta til í Keflavík. Efir lesturinn spunnust skemmtilegar umræður um efnið. Að lokum áritaði Jón bækur félagskvenna.

Næstsíðasti fundur stjórnar, var haldinn í nýja Ráðhúsi Reykjanesbæjar. Gestur fundarins og jafnframt guðsmóðir Þetadeildarinnar, Sigrún Jóhannesdóttir, menntaráðgjafi kom úr Deltadeildinni. Hún var með námskeið um markmið og leiðir til að efla félagsstarfið, sem hún kallar „Leiðarstjarnan.“ Sigrún lagði áherslu á mikilvægi þess að við hugsum útfyrir rammann, myndum góð tengsl við annað fólk og horfum á möguleika fremur en hindranir. Hún endaði fundinn á því láta systur leysa skemmtileg verkefni sem byggðust á leik sem reyndi á samstöðu hópanna. Fróðleg og skemmtileg kvöldstund þar sem var mikið hlegið.

Aðalfundur og jafnframt síðasti fundur starfsársins og þessarar stjórnar, var haldinn 28. apríl í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem nýverið fluttist í nýtt og glæsilegt húsnæði sem hann deildir með Rokksafni Íslands og Félagsheimilinu Stapa. Þær Þetasystur Karen J. Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans og Geirprúður Bogadóttir, píanó kennari skólans með meiru, leiddu okkur í gegnum aðdraganda flutingsins og fóru með leiðsögn um nýju heimkynni sín. Ný stjórn til næstu tveggja ára var kosin á fundinum, Sigrún Ásta Jónsdóttir var kosin formaður, Kristín úr fráfarandi stjórn heldur áfram og verður ritari, áður nefnd Geirprúður og Þórdís Þormóðsdóttir eru meðstjórnendur. Við óskum nýrri stjórn hamingju og velfarnaðar í starfi. Þessi fundur var ákaflega hátíðlegur og skemmtilegur fyrir þær sakir að við tókum inn sex nýjar konur í deildina, sem eru:

Árdís Hrönn Jónsdóttir sérkennslu- og verkefnastjóri leikskólans Tjarnarsels í Reykjanesbæ.

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri Njarðvíkurskóla í Reykjanesbæ.

Erla Guðmundsdóttir sóknarprestur við Keflavíkursókn.

Gerður Pétursdóttir starfsmannstjóri, framkvæmdarstjóri Samvinnu, starfsendurhæfingu á Suðurnesjum.

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi Reykjanesbæjar.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, sviðstjóri starfsbrautar við Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Þeta

Þetadeild var stofnuð þann 26. nóvember 1998. Þeta-systur koma frá Suðurnesjum.

Vissir þú ...

... að í nýjasta hefti The Delta Kappa Gamma Bulletin *Purposefull Communication*, er að finna áhugavert viðtal við alþjóða forseta Delta Kappa Gamma, Dr. Beverly Helm, um árangursrík samskipti og reynslu hennar af þeim. Hún segir m.a.

„I have a tee shirt that reads Listen and Silent have the same letters. Coincidence? I need to continue to work on active listening skills so that I better know the person with whom I am communicating and am relatively confident the answer or information I gave or received was what was intended.“

Síðan verða þrjár konur teknar inn á komandi hausti þar sem þær voru ekki viðlátar þegar að þessi athöfn fór fram.

Fastir og hefðbundnir liðir á fundum deildarinnar eru „orð til umhugsunar“ sem félagskonur skiptast á að vera með. Viðfangsefnin hafa undantekningarlaust verið mjög áhugaverð og oftast en ekki nokkuð persónuleg. Ég vona að það halli ekki á neinn þegar að ég nefni umtalsefni Sigríðar Daníelsdóttur á síðasta fundi, sem velti því fyrir sér „hvort að allt í starfi okkar þyldi skoðunar við, þegar fram líða stundir.“

Hvernig hefur okkur svo tekist til? Hægt og sígandi hafa mætingarnar lagast og þegar best lét mættu 29 systur á bókafundinn í janúar síðastliðinn, sbr. árið á undan en þá mættu einungis 11 systur. En betur má ef duga skal og það er í höndum Þetasystra að halda utan um starfsemi deildarinnar og að tendra neistann og halda í honum lífi.

Systur í Þetadeild eru öflugar og láta til sín taka á ýmsum sviðum fræðslumála. Má þar nefna eTwinning verkefnið **Talking Pictures** sem var tilnefnt til Evrópuverðlaun 2014 og hlaut þar annað sæti. Verkefnið var unnið af kennurum og elstu börnunum í leikskólanum Holti sem Kristín Helgadóttir stýrir. Leikskólinn Tjarnarsel, sem undirrituð stýrir, gaf út bókina **Orðaspjall: Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri**, e. Árdísi Hrönn Jónsdóttur sem gerðist félagi í Þetadeild á vordögum. Aðferðin var þróuð í skólanum á grundvelli rannsókna sem sýndu að markviss orðakennsla hafði jákvæð áhrif á lesskilning barna. Nokkrar félagskonur hafa s.l. tvö ár breytt um starfsvettvanga; Hulda Þerkelsdóttir lét af störfum sem farsæll stjórnandi Bókasafns Reykjanesbæjar og starfar nú sem verkefnastjóri hjá bæjarfélaginu, Sóley Halla Þórhallsdóttur var ráðin skólastjóri Heiðarskóla í Reykjanesbæ, Bryndís Guðmundsdóttir var nú á vordögum ráðin skólastjóri Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ og Guðbjörg Sveinsdóttir gerðist aðstoðarskólastjóri í Grindavíkurskóla og var jafnframt fyrsta Þeta-systirin til að gegna embætti forseta Landsambands DKG.

Síðastliðin tvö ár hafa verið mjög lærdómsrík og jafnframt gefandi að stýra starfinu í Þetadeildinni. Á tímabilinu hélt stjórnin fjölmarga stjórnafundi sem

Vissir þú...

... að á Evrópuvef DKG eru deildir kynntar. Nú þegar hefur starf þriggja íslenskra deilda verið kynnt, Eta Alpha og Kappa. Áhugavert getur verið fyrir okkur að fylgjast með þessari síðu og kynnast starfi systra okkar í Evrópu.

Sjá nánar á eftirfarandi slóð:
dkgeurope.org/page/chapters-activity



þjappaði henni saman en við þekktumst misvel er við tókum til starfa. Þegar uppi er staðið eru það kynnin af þessum frábæru systur mínum í stjórninni sem hefur gefið mér hvað mest. Nú þegar að ég læt af formennskunni hlakka ég til að njóta komandi funda með nýkjörinni stjórn, sem ég óska alls hins besta. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka Þetasystur fyrir samstarfið og þeim sem hafa aðstoðað okkur á fundunum.

*Inga María Ingvarsdóttir,
fráfarandi formaður.*

*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum*



Delta Kappa Gamma, Íslandi

Vorfréttabréf 2014



*Heimasíðan okkar er:
<http://dkg.muna.is>*

*Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>*